



78. Geysir¹

Gerðar voru TEM-viðnámsmælingar á Geysissvæðinu árin 2002 og 2003. Mælingarnar voru gerðar samkvæmt samningi Rannsóknasviðs Orkustofnunar (síðar ÍSOR) og Auðlindadeildar sömu stofnunar. Mælingar á svæðinu eru erfiðar vegna háspennulína og girðinga. Beitt var tveimur túlkunaraðferðum og eru niðurstöður beggja sýndar í allmörgum sniðum í gegnum jarðhitakerfið og kortum sem sýna viðnám á föstu dýpi með 100 metra millibili allt niður á um 1000 metra dýpi. Viðnámsmælingar gefa til kynna að uppstreymi á Geysissvæði sé um sprungu, sem nær yfirborði í Geysi og liggja síðan með NNA-SSV stefnu um það bil 4 kílómetra í NNA. Viðnámskort á 600–700 metra dýpi u.s. gefa vísbendingu um sprungu við austurjaðar háhitakerfisins, með sömu stefnu og Geysissprungan. Með hækkandi hitastigi með dýpi og aukinni ummyndun lækkar viðnámið. Viðnámsmælingarnar sjá ekki háviðnámskjarna niður á 1000 metra dýpi í jarðhitakerfinu sem getur þýtt að hámarkshitastig fari ekki yfir 230–240°C. Efnagreiningar á vatnssýnum úr Geysissvæði benda til 240–250°C hámarkshitastigs í jarðhitakerfinu. Lágt viðnám í nágrenni Geysissvæðisins bendir til heitra vatnskerfa sem að hluta gætu verið afrennsli frá Geysissprungunni, en geta einnig verið fædd af heitavatnsprungum óháðum háhitakerfinu í Geysi.




Mynd 17. Viðnámskort á 200 m u.s.

¹ Ísor 2004. *TEM-mælingar á Geysissvæði*. Ragna Karlsdóttir. Unnið fyrir Auðlindadeild Orkustofnunar. ÍSOR-2004/029 Október 2004. ISBN 9979-780-12-6



Mynd 12. Viðnámskort á 700 m u.s.



Mynd 13. Kort af málfræðni við Geysir. Máltingar þar sem Geysisprungan kemur fram eru afmarkaðar með ramma.